

## AUGLÝSING

### um afgreiðslu bæjarstjórnar Kópavogsbæjar á auglýstri tillögu að breyttu deiliskipulagi.

*Grundarhvarf 10a og 10b. Breytt deiliskipulag.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarstjórn Kópavogsbæjar samþykkt þann 13. febrúar 2007 tillögu að breyttu deiliskipulagi við Grundarhvarf 10. Í breytingunni felst að í stað eldra einbýlishúss verði byggð tvö einbýlishús á einni hæð með innbyggðri bílageymslu og lóðinni deilt upp í tvær lóðir Grundarhvarf 10a og 10b. Þakform húsa er steipt plata með lágmarkspakhalla. Grunnflötur hvors húss er að hámarki 290 m<sup>2</sup> en heimilt er að byggja minni hús. Hámarkshæð húsa eru 4 metrar. Á hvorri lóð er gert ráð fyrir 3 bílastæðum.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Kópavogi, 24. mars 2007.*

**Smári Smáráson** skipulagsstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 29. mars 2007